

EIN BORG

18 BORGARHLUTAR



Námsferð skólastjóra til Stokkhólms

Menntasvið Reykjavíkurborgar
2006

STOKKHÓLMUR

EIN BORG – 18 BORGARHLUTAR

Námsferð fræðslustjóra með skólastjórum í Reykjavík, starfsmönnum
Fræðslumiðstöðvar og fulltrúum úr fræðsluráði til Stokkhólms
12 – 19. mars 2005

Ritstjóri
Birna Sigurjónsdóttir

Menntasvið Reykjavíkurborgar
2006

© Menntasvið Reykjavíkurborgar – ágúst 2006



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Þema ferðarinnar	5
2. Skipulag ferðarinnar og þátttakendur	5
3. Dagskrá.....	7
II. Stokkhólmur	8
III. Skólakerfið í Svíþjóð	8
1. Forskóli - grunnskóli	8
2. Námskrár	9
3. Samanburður við íslenskt skólakerfi	9
1. Stefnumörkun í menntamálum	10
2. Grunnskólar og val um skóla	11
3. Umsjón skólabygginga.....	11
4. Mat og eftirlit með skólastarfi	12
5. Laun og samningur.....	12
6. Samantekt og samanburður við Reykjavík.....	14
V. Borgarhlutaskrifstofur og verkefni þeirra	15
1. Borgarhlutaskrifstofan í Östermalm (Östermalms stadsdelsförvaltning).....	16
2. Borgarhlutaskrifstofan í Skarpnäck (Skarpnäcks stadsdelsförvaltning)	17
3. Borgarhlutaskrifstofan í Skärholmen (Skärholmens stadsdelsförvaltning)	18
4. Borgarhlutaskrifstofur – samantekt og samanburður við Reykjavík	20
VI. Heimsóknir í skóla	21
1. Martinskolan.....	21
2. Norra skolenheten (Hammarbyskolan og Björkhagens skola).....	22
Björkhagens skola	22
3. Lillholmskolan	23
4. Ärvingskolan	24
5. Akallaskolan.....	24
VII. Samantekt	26
Heimildir:	28

Inngangur

Hópur skólastjóra grunnskóla í Reykjavík fer árlega í nokkurra daga náms- og kynnisferð til útlanda ásamt fræðslustjóra. Þessar ferðir eru hluti af símenntun skólastjóra í Reykjavík og fer skólastjóri hvers skóla í slíka ferð á þriggja til fjögurra ára fresti. Ákveðið þema er til skoðunar hverju sinni og farið til staðar sem er þekktur af að gera vel á því sviði. Tekið fyrir efni sem er í brennidepli á hverjum tíma og teknar saman skýrslur eftir hverja ferð þannig að unnt sé að átta sig vel á því sem hópurinn komst að í ferðinni og miðla því til annarra. Þannig er lögð áhersla á að efni úr ferðinni nýtist í skólastarfi í borginni og verði hlekkur í stöðugri þróun þess.

1. Þema ferðarinnar

Í ljósi breytinga á stjórnskipulagi í Reykjavík var ákveðið að fara til Stokkhólms og kynna því hvernig yfirstjórn grunnskóla er fyrir komið en borgarhlutanefnd (Stadsdelsförvaltningen) í hverjum borgarhluta ber ábyrgð á rekstri grunnskóla og leikskóla í umboði borgarstjórnar.

Spurningar sem leitað var svara við:

- Hver eru tengsl borgarhlutaskrifstofu (Stadsdelsförvaltningen) og grunnskólanna?
- Hvernig er sérfræðipjónustu við skóla háttað?
- eru kjarasamningar kennara gerðir miðlægt eða í hverju sveitarfélagi? Að hve miklu leyti ráða einstakir skólar yfir vinnutíma kennara?
- Einstaklingsmiðað nám. Hvernig er samvinna nemenda háttað og ábyrgð á eigin námi.
- Skóli án aðgreiningar. Hvernig er úthlutun vegna fatlaðra nemenda háttað, eru sérdeildir í skólum, almennar eða sérhæfðar? eru sérskólar, fyrir hverja þá?
- Hvernig er útteilt fjármunum til einkarekinna skóla? eru tekin skólagjöld til viðbótar opinberu framlagi?

2. Skipulag ferðarinnar og þátttakendur

Þessi námsferð skólastjóra og fræðslustjóra var farin til Stokkhólms 12.-19. mars 2005. Leitað var til Menntaskrifstofu Stokkhólmsborgar og var Doritea Wärmländer, Skolbioansvarig, hjá Utbildningscentralen tengiliður við þá sem tóku á móti hópnum. Flogið var til Stokkhólms laugardaginn 12. mars. Á sunnudag var farið í gönguferð um Gamla Stan, Djurgården og í Vasasafnið og var Nanna Hermansson fyrrverandi borgarminjavörður í Reykjavík og Stokkhólmi leiðsögumaður hópsins. Dagskrá hófst mánudaginn 14. mars. Heimsóttar voru borgarhlutaskrifstofur í þremur af átján borgarhlutum í Stokkhólmi, en borgarhlutanefndir bera alla ábyrgð á rekstri grunnskólanna. Hluti hópsins heimsótti deild á Menntaskrifstofu Stokkhólmsborgar sem sér um ytra mat og faglegt eftirlit með skólum (Utvärderingscentralen). Heimsótt var „Kompetensmässan“ og hópurinn fór í fjóra skóla og fræddist m.a. um skipulag skólastarfs, kjör og vinnutíma kennara.

Pátttakendur:

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri
Steinunn Ármannsdóttir, skólastjóri
Guðbjörg Þórisdóttir, skólastjóri
Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri
Kristrún G. Guðmundsdóttir, skólastjóri
Sigþór Magnússon, skólastjóri
Svanhildur Ólafsdóttir, skólastjóri
Kristín G. Andrésdóttir, skólastjóri
Reynir Daníel Gunnarsson, skólastjóri
Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri
Einar Hólm Ólafsson, skólastjóri
Kristjana M. Kristjánsdóttir, skólastjóri
Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar
Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri
Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs
Stefán Jón Hafstein
Guðrún Ebba Ólafsdóttir

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Austurbæjarskóla
Álftamýrarskóla
Breiðagerðisskóla
Fellaskóla
Hlíðaskóla
Klébergsskóla
Korpuskóla
Vesturbæjarskóla
Ölduselsskóla
Safamýrarskóla
Öskjuhlíðarskóla
Grandaskóla
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
formaður fræðsluráðs Reykjavíkur
fulltrúi í fræðsluráði Reykjavíkur



3. Dagskrá

Mánudagur 14. mars, kl. 9.00 - 16.00

Heimsókn í Östermalms Stadsdelsförvaltning.

Heimsókn í Martinskolan sem er einkarekinn Waldorf-skóli.

Þriðjudagur 15. mars, kl. 9.00 - 16.00

Heimsókn í Skarpnäcks Stadsdelsförvaltning.

Hluti hópsins heimsótti „Kompetensmässan“ í borgarhlutanum en aðrir heimsóttu

Utvärderingscentralen.

Miðvikudagur 16. mars, kl. 9.00 - 16.00

Heimsókn í Skärholmens Stadsdelsförvaltning.

Heimsókn í Hammarbyskolan og Björkhagens skola í Skärholmen.

Fimmtudagur 17. mars, kl. 9.00 - 16.00

Heimsókn í Skarpnäcks Stadsdelsförvaltning.

Heimsókn í Lillholmsskolan í Skarpnäck.

Föstudagur 18. mars, kl. 9.00 - 16.00

Heimsókn í Ärvingeskolan í Kista.

Heimsókn í Akallaskolan í Kista.

Efni skýrslunnar

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því sem hópurinn varð vísari í heimsóknum á borgarhlutaskrifstofum og í skóla í Stokkhólmi. Alls fór hópurinn í heimsókn á þrjár borgarhlutaskrifstofur, Östermalm, Skarpnäck og Skärholmen. Hópurinn heimsótti auk þess grunnskóla í þessum borgarhlutum og í borgarhlutanum Kista. Í skýrslunni er einnig stuðst við ýmis gögn sem safnað var í ferðinni.

Lýst er höfuðborg Svíþjóðar, Stokkhólmi og skólakerfinu í Svíþjóð. Meginefni skýrslunnar er um borgarhlutaskrifstofur og verkefni þeirra, sérstaklega hvað varðar skólana. Einnig er kafla um mat og eftirlit á skólastarfi en hluti hópsins fór í heimsókn á miðstöð borgarinnar um mat og eftirlit, Utvärderingscentralen.

Í lok kaflans um skólakerfið í Svíþjóð, skólamála í Stokkhólmi og borgarhlutaskrifstofur og verkefni þeirra er samantekt og samanburður við Reykjavík. Í lok skýrslunnar eru tekin saman svör við þeim spurningum sem lagt var upp með.

II. Stokkhólmur

Stokkhólmur, höfuðborg Svíþjóðar, er fallega staðsett við Eystrasaltið, umlukin stöðuvötnum og skerjagarðinum. Borgin er byggð á 14 eyjum, auk fastalandsins. Hún byrjaði að byggjast upp snemma á miðöldum sem samgöngu- og verslunarmiðstöð við frábært hafnarlægi. Merki Stokkhólms, sem á sér sögu allt aftur á 14. öld, er mynd af heilögum Erik sem var konungur á Mora á 12. öld en var drepinn af dönskum óvinaher. Hann var sagður réttvís og trúaður stjórnandi og eftir að hann lést var hann gerður að sérstökum verndara Stokkhólms.

Íbúar í Stokkhólmi voru orðnir 6.000 á 14. öld en eru nú um 760.000. Börn og unglingar á aldrinum 0 til 15 ára eru um 17% borgarbúa (um 19% í landinu öllu). Í Stokkhólmi búa um 15.000 manns sem eru fæddir utan Svíþjóðar og hvert ár setjast um 2.000 innflytjendur að í borginni. Um fjórðungur borgarbúa er af erlendu bergi brotinn (21% í öllu landinu). Þá er átt við að viðkomandi sé fæddur erlendis eða að báðir foreldrar séu fæddir erlendis. Árlega veitir borgin Nelson Mandela verðlaunin til eldhuga og hversdaghetja sem leggja lóð á vogarskálar til að stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Atvinnulífsskrifstofa borgarinnar (næringslífskontoret) rekur verkefnið *Upplýsingasamfélag fyrir alla* sem ár hvert verðlaunar verkefni sem nýtir upplýsingatækni á nýstárlegan hátt til að bæta starfsemi sína.

Á vegum Stokkhólmsborgar starfa um 46.000 manns sem veita um 760.000 íbúum daglega þjónustu. Borgin skiptist í 18 borgarhluta (stadsdelar) með borgarhlutaskrifstofum (stadsdelsförvaltningar), um 20 fagskrifstofur og álíka mörg fyrirtæki (bolag) sem ráðstafa til samans um 30 milljörðum sænskra króna.

III. Skólakerfið í Svíþjóð

Skólakerfi Svíþjóðar skiptist í forskóla, forskólabekk, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og fullorðinsfræðslu.

1. Forskóli - grunnskóli

Forskóli er fyrir börn frá 1- 6 ára. Skólaskylda er í 9 ár í grunnskóla (7-16 ára) , en sveitarfélögum er skylt að bjóða upp á kennslu í forskólabekk fyrir 6 ára börn og er hann opinn öllum börnum þeirra foreldra sem þess óska. Grunnskólagangan er nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu og foreldrar bera heldur ekki kostnað af skólamáltíðum, námsefni, heilsugæslu eða skólaakstri. Möguleiki er á 10. árinu í sérskólum. Þegar nemendur ljúka grunnskóla þurfa þeir að standast kröfur í sænsku og stærðfræði til að fá inngöngu í framhaldsskóla. Þó geta þeir tekið aukaár í upphafi framhaldsskóla (individuellt program).

Í framhaldsskóla (Gymnasieskolan) er námi nemenda skipt á 17 þriggja ára námsbrautir sem eru samsvarandi um allt land. Þær veita nemendum rétt til að halda áfram námi í háskóla (högskola). Auk þess eru víða í boði sérstakar og einstaklingsmiðaðar námsbrautir.

Háskólar í Svíþjóð eru sjálfstæðar stofnanir sem heyra beint undir ráðuneytið. Gerður er greinarmunur á høgskola og universitet en hlutverk þeirra er að veita menntun sem hvílir á fræðilegum grunni eða á sviði lista og „beprövað erfarenhet“. Fullorðinsfræðsla á sér langa sögu og hefð í Svíþjóð, sérstaklega lýðháskólahafðin sem einkennist af því að hún er „fri og frivillig“, það þýðir að námið er ekki undir stjórn yfirvalda og er ekki skyldunám. Annars er fullorðinsfræðsla rekin ýmist af ríki eða sveitarfélögum og aðilum atvinnulífsins.

2. Námskrár

Gerð aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er á vegum ríkisins (läroplan), auk laga og reglugerða (skollag, förordningar). Á grunni námskrár móta sveitarfélögin sína eigin stefnu (skolplan), samkvæmt lögum um skólana. Hver skóli gerir síðan sína eigin starfsáætlun (arbetsplan) þar sem fram kemur hvernig hann ætlar að ná markmiðum bæði ríkis og sveitarfélags. Árið 1989 voru skólar í Svíþjóð fluttir undir stjórn sveitarfélaga. Árið 1994 kom ný aðalnámskrá og greinanámskrá fyrir grunnskóla. Árið 1997 færðist yfirstjórn skólanna í Stokkhólmi til borgarhlutanna. Árið 2000 var aðalnámskráin endurskoðuð og aukin áhersla lögð á markmiðs- og árangursstjórnun og loks árið 2004 gaf Stokkhólm borg út nýja skólastefnu. Í ársbyrjun 2005 færðist ábyrgð á sérskólum einnig til borgarhlutanna.

3. Samanburður við íslenskt skólakerfi

Skólakerfið í Svíþjóð er mjög líkt því íslenska. Börn eru í leikskóla til um 5 ára aldurs. Þá tekur við forskólabekkur sem ekki er skólaskylda í Svíþjóð en hefur verið á Íslandi frá 1990. Grunnskóla lýkur síðan á sama aldursári og á Íslandi. Framhaldsskólinn er þrjú ár í Svíþjóð eins og stefnt er að á Íslandi. Háskólastigið er tvískipt sem ekki er á Íslandi. Aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig eru unnar miðlægt á vegum menntamálaráðuneytisins eins og á Íslandi. Í Svíþjóð var rekstur grunnskóla fluttur til sveitarfélaga nokkru fyrr en hér á landi.



IV. Skólamál í Stokkhólmi

Stokkhólmsborg rekur leikskóla (förskolur/barnomsorg), forskólabekk (förskoleklass), grunnskóla (grundskolor) og framhaldsskóla. Grunnskólar í borginni eru um 225 með um 80.000 nemendur í 1.- 9. bekk og forskólabekk. Um þriðjungur grunnskólanemenda gengur í einkarekna skóla eða sjálfstæða skóla (fristáende skolor) sem fylgja aðalnámskrá og mati eins og aðrir skólar og fá sambærileg framlög. Fjórir þeirra eru alþjóðlegir skólar fyrir nemendur sem dvelja tímabundið í landinu og fá þeir helming af framlögum til annarra skóla og taka auk þess skólagjöld.

Frístundaheimili eru fyrir nemendur í forskólabekk og 1.-3. bekk (skolbarnsomsorg sem fram fer í fritidshem eða familjedaghem). Frístundastarfsemi er fyrir 10-12 ára nemendur. Foreldrar greiða fyrir þá þjónustu.

Grunnskólarnir heyra undir borgarhlutaskrifstofu. Reiknað er framlag á hvern nemanda (skolschablon) sem fer til viðkomandi borgarhlutaskrifstofu. Undir Menntaskrifstofu borgarinnar (Utbildningsförvaltningen) heyrir rekstur framhaldsskóla í borginni, sérskólar, fullorðinsfræðsla á vegum borgarinnar, sænskukennsla fyrir innflytjendur, skólaheilsugæsla og fullorðinsfræðsla fyrir þá sem hafa þörf fyrir sérstuðning (sär vux). Auk þess ber Menntaskrifstofan ábyrgð á að nemendur sem þurfa sérstuðning fái hann.

Menntaskrifstofan sér um framlög samkvæmt samningi til einkarekinna leikskóla, frístundaheimila og grunnskóla. Listaskólar (kulturskolen) heyra undir Menningarskrifstofu borgarinnar (Kulturförvaltningen).

Borgarráð Stokkhólms útteilir fé til menntaráðs borgarinnar (utbildningsnämnden) sem er eitt af 15 fagráðum hennar og til 18 borgarhlutanefnda (stadsdelsnämnder). Allir þessir aðilar úthluta síðan fé til skóla innan síns verkahringis. Skólastjóri ráðstafar fjármagni samkvæmt þeim fjárhagsramma sem skólinn fær.

Allir skólar gera sér starfsáætlun (verksamhetsplan) á hverju ári og kynna fyrir skólasamfélaginu. Áætlunin er grundvöllur gæðamats á starfinu (kvalitetsredovisning). Á u.þ.b. þriggja ára fresti fer fram ytra mat á skólastarfi hvers skóla.

1. Stefnumörkun í menntamálum

Menntaráð Stokkhólmsborgar móta stefnu borgarinnar í menntamálum. Menntaskrifstofa borgarinnar er framkvæmdaðili þess. Skrifstofan ber ábyrgð á að framfylgja stefnunni, þróunarstarfi og eftirliti.

Í starfsáætlun menntamála á vegum Stokkhólmsborgar (Skolplan for Stockholms stad) frá 2004 sem nær til allra þeirra þátta sem heyra undir menntaráðið og Menntaskrifstofuna koma fram þrjár megináherslur í stefnu borgarinnar í menntamálum, en þær eru:

- Nám og þekking með áherslu á málþroska og stærðfræði (**lärande och kunskap med fokus på språkutveckling och matematik**). Hér undir heyrir samskiptafærni, fjölmenningslegt samfélag, virðing fyrir ólíkum námsaðferðum, nýting tækninnar auk þjálfunar í leysa vandamál og bjarga sér í daglegu lífi.

- Heilbrigði nemenda á öllum aldri (**elevhälsa**). Hér eru meðtalin viðmið og gildi (normer og värden), andleg og líkamleg heilsa, jákvætt starfsumhverfi, fyrirbyggjandi starf og vinna með tilfinningar, sjálfsmynd og lausnir á ágreiningi.
- Áhrif nemenda og foreldra (**elev- och föräldrainflytande**). Undir þessum lið er ábyrgð nemenda á öllum aldri á námi sínu og lýðræði í skipulagi og stjórnun skólustarfsins, auk umfjöllunar um réttindi og skyldur. Foreldrarnir eiga að fá góðar upplýsingar um starfsemi skólans og framfarir og þroska síns eigin barns.

2. Grunnskólar og val um skóla

Borgarhlutanefnd í hverjum borgarhluta ber ábyrgð á rekstri grunnskólanna í umboði borgarstjórnar. Hver skóli leggur sínar eigin áherslur og eru þeir því með margbreytilegu svipmóti. Skólarnir eru ýmist reknir af borginni eða af einkaaðilum samkvæmt samningi. Pláss er fyrir öll börn í þeim borgarskóla sem næst liggur heimili þeirra. Um þriðjungur skólanna eru einkareknir og eru þeir öllum opnir og án skólagjalda.

Foreldrar hafa val um skóla hvar sem er í borginni. Áður en val fer fram um forskólabekk eða 1. bekk efna skólarnir til kynningarfundar fyrir foreldra. Foreldrar senda umsókn beint til þess skóla sem þeir hafa valið. Gefinn er út bæklingur um valið á vegum Menntaskrifstofu borgarinnar (Dags att välja skola. Valet till förskoleklassen/grundskolan 2005/2006) þar sem allir grunnskólar borgarinnar eru listaðir upp í stafrófsröð og sagt frá heimilisfangi skólans og legu, greint frá nafni skólastjóra, fjölda nemenda og helstu áherslum í starfinu.

Forskólabekkur er ekki skólskylda í Svíþjóð en síðan 1998 er sveitarfélögum skylt að bjóða 6 ára nemendum skólavist í forskólabekk. Skólatími þeirra skal vera að lágmarki 525 tímar á ári eða þrjú tímar á dag. Í framhaldi af skóladeginum er boðið upp á skólamáltíð nemendum að kostnaðarlausu. Grunnskólarnir eru opnir fyrir nemendur í forskólabekk frá 6:30-18:30 og greiða foreldrar fyrir veru þeirra utan skólatíma að hámarki þó 1.280 skr. á mánuði. Í grunnskólunum er rekið frístundaheimili (skolbarnomsorg) sem opið er frá kl. 7:00-19:00 fyrir 1.-3. bekk undir stjórn skólans. Fyrir nemendur 4.-6. bekk er opið félagsstarf fyrir alla nemendur undir stjórn fjölskyldusviðs (indivíð og familj). Í leikskóla eru 3 klst. gjaldfrjálsar fyrir 4 og 5 ára börn.

Foreldrar eiga kost á framfarasamtali (utvecklingssamtal) í skólanum a.m.k. einu sinni á önn. Þá ræða foreldrar, nemandi og kennari saman um framfarir nemandans og gera saman áætlanir. Einnig eru haldnir reglulegir foreldrafundir.

Nemendur fá sérstaka kennslu í sænsku ef þeir eiga annað móðurmál og eiga auk þess kost á kennslu í móðurmáli sínu ef a.m.k. annað foreldrið á annað móðurmál en sænsku.

3. Umsjón skólabygginga

Fasteignafyrirtækið, *Skolfastigheter i Stockholm AB*, sem kallað er *SISAB*, á, rekur og leigir út skólahúsnæði til leik-, grunn- og framhaldsskóla í borginni. Fyrirtækið byggir nýjar skólabyggingar og viðbyggingar og sér um endurbætur. Það vinnur einnig að því að þróa námsumhverfi framtíðarinnar.

4. Mat og eftirlit með skólastarfi

Menntaskrifstofa Stokkhólmsborgar sér um ytra mat og faglegt eftirlit með skólum. Það fer fram á vegum matsdeildar (Enheten för inspektion och tillsyn). Þeir sem þar starfa kallast *inspektörer*. Í grunnskólum í borginni hefur farið fram ytra mat sl. 15 ár og mat fer einnig fram í leikskólum og framhaldsskólum borgarinnar. Inspektorar heimsækja skóla 2-4 saman og dvelja þar í nokkra daga til að kanna hvernig skólarnir fylgja aðalnámskrá og stefnumörkun borgarinnar. Farið er í hvern skóla á 3- 4 ára fresti, en alls eru í borginni 225 grunnskólar þar af 75 einkareknir. Verklag þeirra er gjarnan sem hér segir:

- Fara yfir efni sem skólinn hefur lagt fram og tölfræðilegar niðurstöður, m.a. frá gagnadeildinni (utvärderingsavdelingen), niðurstöður prófa og svör við spurningalista sem skólanum er sendur með um 6 vikna fyrirvara og svör við spurningalista sem lagður er fyrir nemendur í 5. -9. bekk.
- Gera vettvangsathuganir og eiga samtöl í bekkjarstofum, á frístundaheimili og í öðrum rýmum skólans.
- Eiga viðtöl við nemendur, stafs menn og stjórnendur.
- Gefa munnlega skýrslu til stjórnenda skólans í lok heimsóknar.
- Leggja fram skriflega skýrslu með niðurstöðum til skólans og til borgarhlutaskrifstofu. Þar er listi yfir styrkleika skólans og svið sem þarf að þróa frekar. Einstökum áhersluþáttum eru gerð skil. Í lok skýrslunnar eru tillögur um breytingar til að bæta skólastarfið. Stjórnendur skólans fá tækifæri til að bregðast við skýrslunni og bæta við efni áður en hún er gefin út. Við fengum í hendur skýrslu um mat á grunnskóla frá 2005 og var hún um 15 síður að lengd. Matsferlið, bæði vinna í skólanum og skýrslugerðin hafði tekið um 8 daga. Viðkomandi skóli hafði síðast verið metinn árið 2001.
- Heimsækja skólann aftur eftir 5-10 vikur til að heyra af viðbrögðum skólans og fylgja eftir tillögum um breytingar.
- Árlega er sent yfirlit um mat á skólunum til skólanefndar borgarinnar.

Viðmið við matið eru m.a. fengin úr aðalnámskrá, markmiðum í einstökum greinum og stefnu borgarinnar. Sérstaklega er skoðað hvort skólinn starfi samkvæmt markmiðasetningu með sérstakri áherslu á að skoða hvort einstakir nemendur setji sér markmið og geti fylgt námsferli sínum eftir, þ.e. hvort þeir hafi þroskað með sér getu til að meta námsárangur sinn og þroskaþarfir.

Við fengum í hendur spurningalista sem lagður er fyrir kennara sem lið í mati á skólastarfi. Listinn var gefinn út af Menntaskrifstofu Stokkhólms og skiptist í 6 kafla. Spurt er um námsaðferðir, viðmið og gildi, áhrif nemenda og ábyrgð, mat á skipulagi innan skólans, s.s. samvinnu, áhrifum nemenda og upplýsingamiðlun, samvinnu skóla og skólastiga og loks styrkleika og veikleika stofnunarinnar.

Skólunum sjálfum er ætlað að viðhafa innra mat/sjálfsmat árlega.

5. Laun og samningur

Kennarar hafa 35 klst. vinnuskyldu í skólanum en síðan eiga þeir að skila 10 klst vinnu að auki eða alls 45 klst. í 194 daga skólaársins. Inni í 35 klst. er, samkvæmt okkar upplýsingum, kennsla, frímínútnagæsla, ábyrgð á ákveðnum verkefnum, greinafundir og árganga- eða teymisfundir (arbetslagskonferenser). Kennsla er að meðaltali 16 klst. af þessum 35 klst. eða

sem samsvarar 24 kennslustundum, ef kennslustund er 40 mínútur. Símenntun er 104 stundir á ári. Nemendadagar á skólaárinu eru alls 187.

Skólastjóri gerir tillögu um hvernig launaupphæð grunnskólans deilist á kennarana og fundar með trúnaðarmanni til að ná samkomulagi. Við nýráðningu semur skólastjóri beint við kennarann og býður ákveðna upphæð.

Allir kennarar vinna saman í teyllum, 9-10 kennarar í teymi og almennt eru þrír kennarar ábyrgir fyrir umsjón með um 75 nemendum. Í teyminu leysa kennarar styttri forföll hver fyrir annan.

Samkvæmt upplýsingum sem við fengum eru laun grunnskólakennara á bilinu 20.500-28.500 sænskar krónur á mánuði.¹ Laun skólastjóra eru á bilinu 31.000-58.000 sænskar krónur á mánuði² og laun starfsfólks frístundaheimila eru á bilinu 17.000-23.000 sænskar krónur á mánuði³ eftir því hvaða menntun það hefur.



¹ 176.000-245.000 ísl. kr. skv. gengi 19. mars 2005.

² 271.000-499.000 ísl. kr. skv. gengi 19. mars 2005.

³ 146.000-198.000 ísl. kr. skv. gengi 19. mars 2005.

6. Samantekt og samanburður við Reykjavík

Stokkhólmur rekur framhaldsskóla auk leik- og grunnskóla en hér á landi heyrast framhaldsskólar undir ríkið. Framhaldsskólar eru reknir frá skólaskrifstofu borgarinnar en rekstur leik- og grunnskóla hefur verið fluttur út til borgarhlutaskrifstofa og heyrast þeir undir borgarhlutanefndir. Eftir því sem við best vitum er Stokkhólmur eina borgin á Norðurlöndum sem nú felur borgarhlutaskrifstofum rekstur grunnskóla. Stokkhólmur á sér sína eigin stefnu um grunnskólann, eins og einnig á við um Reykjavík.

Foreldrar hafa val um grunnskóla eins og á einnig við um grunnskóla í Reykjavík. Athygli vakti hve stór hluti barna í Stokkhólmi gekk í einkarekna grunnskóla. Fjárframlög til skóla virðast reiknuð með svipuðum hætti og hjá okkur þ.e. ákveðið framlag á hvern nemanda í skólanum.

Eins og fram kom eru 6 ára börn ekki skólaskyld í Svíþjóð og skóladagur þeirra er aðeins 3 klst. á dag, en hjá okkur er þessi árgangur álíka lengi í skólanum og aðrir árgangar. Frístundaheimili eða lengd viðvera yngri barna heyrast undir skólann en við höfum nýlega flutt þau undir stjórn ÍTR og þannig tengt þau frístundastarfi eldri nemenda.

Laun kennara og skólastjóra virðast á svipuðu bili og hér miðað við þær upplýsingar sem við fengum hjá skólastjórum og skólaskrifstofum. Skólastjórar semja við einstaka kennara um laun innan þess ramma sem gefinn er, sem er ólíkt því sem við gerum.

Það sem vakti kannski hvað mesta athygli okkar var sú þróun sem greinilega hefur átt sér stað í Stokkhólmi að skólaeiningar hafa verið stækkaðar með sameiningu skóla undir sameiginlega stjórn skólastjóra þrátt fyrir að þeir starfi áfram í aðskildum byggingum. Þetta var okkur sagt að væri gert í hagræðingarskyni. Aftur á móti voru margir einkareknu skólanna litlir.

Ytra mat á grunnskólum var tekið upp fyrir um 15 árum en mat á leik- og framhaldsskólum er nýrra. Matið er byggt á viðtölum við stjórnendur, kennara og nemendur og til grundvallar er lögð starfsáætlun skólans. Lögð er áhersla á að ytra mat sé leiðbeinandi, markvisst og til þess fallið að styðja skólana í því að ná sífellt betri árangri. Þessi atriði getum við haft til fyrirmyndar við að þróa ytra mat á skólastarfi í Reykjavík.

V. Borgarhlutaskrifstofur og verkefni þeirra

Stokkhólmi er skipt niður í 18 borgarhluta og er borgarhlutaskrifstofa í hverjum þeirra (stadsdelförvaltning). Sumir borgarhlutar eru einnig með borgaraskrifstofu (medborgarkontor). Borgarbúar geta snúið sér til borgarhlutaskrifstofanna vegna flestra mála er varða þjónustu og umsýslu á vegum borgarinnar. Íbúar í hverjum borgarhluta eru allt frá að vera um 15.600 í þeim minnsta, Rinkeby, upp í að vera um 64.000 í þeim stærsta, Maria-Gamla stan. Annars er íbúafjöldi í borgarhlutunum víðast um 40.000 til 50.000. Í nýjasta hverfi Stokkhólms, Hammarby Sjöstad í Södermalm, eru 8.000 íbúðir fyrir um 20.000 íbúa, verslanir, skrifstofur og smáfyrirtæki.

Rekstur og stjórnun grunnskóla fór yfir til borgarhlutanna árið 1997. Pólitískt skipuð nefnd (stadsdelsnämnd) tekur ákvarðanir í málefnum sem undir borgarhlutann heyra. Kjörnir borgarfulltrúar tilnefna fulltrúa í nefndina og endurspeglar skipan nefndarinnar meiri- og minnihluta í sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúar þurfa að vera búsettir í borgarhlutanum. Í nefndinni eru 13 fulltrúar og 13 varafulltrúar sem sitja einnig alla fundi. Formaður nefndarinnar er í 50% starfi en aðrir fulltrúar fá aðeins greitt fyrir fundarsetu. Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Fyrstu klukkustund hvers fundar er opin fyrir almenning.

Eftirtalin verkefni heyra undir borgarhlutaskrifstofurnar:

- Frístundastarf fyrir börn og unglinga
- Rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila/skóladagvist
- Framfærsla, fjármálaráðgjöf og fjárhagsaðstoð vegna skuldbreytinga (skuldsanering)
- Neytendaráðgjöf
- Sérstakar aðgerðir vegna atvinnulífs og vinnumarkaðar í borgarhlutanum
- Framkvæmd Staðardagskrár 21 í borgarhlutanum
- Hreinsun og snjómokstur á götum, í görðum og á torgum, svo og torgsala
- Þjónusta við hreyfihamlaða
- Félagsleg þjónusta, heimaþjónusta og barnavernd
- Málefni eldri borgara

Í heild eru borgarhlutanefndir ábyrgar fyrir 75% þeirrar þjónustu sem borgin veitir og um það bil 61% af tekjum borgarinnar upp á 30 milljarða sænskra króna er ráðstafað á borgarhlutaskrifstofunum. Ekki fer sama upphæð til allra borgarhluta heldur tekur reiknilíkan mið af félagslegum aðstæðum í hverfinu. Fjármagn kemur óskipt til borgarhlutans sem skiptir því á verkefnin sem eru á hans ábyrgð. Borgarhlutarnir eru að sjálfsögðu ólíkir innbyrðis, en sagt er að almennt fari um 30% af ráðstöfunarfé þeirra í þjónustu við eldri borgara, um 39% til starfsemi leik- og grunnskóla, um 9% til fatlaðra og 14% til stuðning við framfærslu og tilsjón með einstaklingum og fjölskyldum Um 4% fara í rekstur skrifstofunnar og nefndastarf. Sem dæmi má nefna að heildarfjárhagsrammi borgarhlutans í Skarpnäck er um 1.370 millj. sænskra kr. og er þar af varið um 402 milljónum í starfsemi fyrir börn og unglinga, um 708 milljónum til aldraðra, um 182 milljónum til félagsþjónustu, um 36 milljónum í menningu og umhverfi og 39 milljónum í yfirstjórn.

Sama fjármagn er á hvern nemanda í öllum skólum (grundschablon), jafnt einkareknum skólum sem almennum, þó dregst frá framlagi til einkarekins skóla umsýslugjald þannig að þeir fá 85-90% af því sem hinir fá, en það er um 56 - 70 þúsund sænskar kr. á nemanda eftir aldri. Frá þessu dregst kostnaður sem greiddur er miðlægt, s.s. laun skólustjóra og leiga fyrir

skólahúsnæði þannig að til skólanna koma 38 – 49 þúsund kr. á nemanda. Þar til viðbótar kemur framlag til sérkennslu og stuðnings og einnig geta skólar fengið framlag vegna sænskukennslu barna af erlendum uppruna.

Stefna borgarinnar um grunnskóla er gefin út af borgaryfirvöldum (Skolplan för Stockholms stad) en hver borgarhluti gerir sér starfsáætlun innan þess ramma. Borgarhlutanefndir ákveða hvernig fjármunir skiptast milli málaflokka sem undir þær heyra, með þessari breytingu hefur auknu fé verið veitt í öldrunarþjónustu og til leikskóla og er það hugsað sem fyrirbyggjandi aðgerð. Áður var ekki veitt sálfræðiþjónusta í leikskólum en er nú verið að byggja upp þá þjónustu.

Einkareknir skólar þurfa leyfi borgaryfirvalda til starfa, þeir eru þó ekki bundnir af stefnumótun sveitarfélaganna. Í heild er um þriðjungur nemenda á grunnskólaaldri í einkareknum grunnskólum (frístáende skoler) í Stokkhólmi, um 40% nemenda í 1.-9. bekk og um 35% nemenda í forskólabekknunum. Engin skólagjöld eru innheimt í einkareknum skólum. Samkeppni milli skóla um nemendur gerir að almennu skólarnir eru að efla sérstöðu sína. Einkunnir eru almennt hærri í almennum skólum.

Bæklingur um val foreldra um skóla í Stokkhólmi, *Dags att välja skola*, er gefinn út miðlægt í borginni af Utbildningsstyrelsen og dreift til foreldra allra barna sem eru að hefja skólagöngu. Þar koma fram upplýsingar um hvern skóla og stutt lýsing á sérstöðu skólans. Foreldrar eru hvattir til að velja skóla og geta valið skóla utan borgarhlutans jafnt sem innan, almennan skóla eða einkarekinn skóla. Almennu grunnskólarnir þurfa þó að hafa pláss fyrir alla nemendur í skólahverfinu. Foreldrar nemenda með sérþarfir eiga þó ekki alltaf algert val, skólastjóri hefur síðasta orðið. Ef foreldrar velja annan skóla fyrir fatlað barn en yfirvöld mæla með þá standa foreldra straum af akstri. Foreldrar greiða einnig ferðir nemenda sem fara út fyrir sitt hverfi.

1. Borgarhlutaskrifstofan í Östermalm (Östermalms stadsdelsförvaltning)

Solveig Bellander, barn- og ungdomschef tók á móti hópnum og sagði frá starfsemi. Íbúar í Östermalm eru um 61.000.

Í Östermalm eru 4 grunnskólar reknir af borginni sem skiptast á 6 staði, 6 einkareknir grunnskólar og einn alþjóðaskóli. Grunnskólar og leikskólar heyra undir borgarhlutaskrifstofu. Fjórir grunnskólar eru í borgarhlutanum, einn þeirra í þremur skólahúsum með 1.200 nemendur, annar með 1.000 nemendur, einn með 500 og einn með 400 eða alls 3.100 nemendur. Forskólabekkin sækja 95% af árgangi 6 ára barna. Frístundaheimili í skólum eru undir stjórn skólastjóra. Sálfræðingar og talkennarar eru ráðnir til skólanna af skólastjóra en hann getur einnig ákveðið að kaupa þessa þjónustu frá utanaðkomandi sérfræðingum. Nemendur greiða ekki sérstaklega fyrir hádegisverð. Skólastjórar sjá um fjármál, rekstur og ráðningar, aðstoðarskólastjórar leiða almennt faglegt starfi skólanna. Skólastjórar í borgarhlutanum taka einn dag í mánuði til að vinna saman að málefnum skólanna.

Á borgarhlutaskrifstofunni í Östermalm starfa alls um 300 manns en tiltölulega fáir þeirra í skólaþjónustunni (6-10). Barn- og ungdomschef er yfir málefnum grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og barnaverndar, hann er næsti yfirmaður leik- og grunnskólastjóra í borgarhlutanum.

Tvær sérdeildir eru í Östermalm fyrir einhverf börn og fyrir fjölfötluð börn. Þessar deildir eru starfræktar innan almennra grunnskóla.

2. Borgarhlutaskrifstofan í Skarpnäck (Skarpnäcks stadsdelsförvaltning)

Bengt Nilsson, verksamhetsledare fyrir forskóla/skóla tók á móti hópnum. Íbúar í Skarpnäck eru um 40.000.

Bengt tjáði okkur að leiðarljós skrifstofunnar sé að þarfir íbúa skuli stýra áherslum í þjónustunni. Borgarhlutinn er byggður þannig upp að víða eru lítil miðbæjarsvæði, og er hann því nefndur græni borgarhlutinn. Árið 1997 voru tveir borgarhlutar sameinaðir í einn, Skarpnäck og Hammarby. Við fengum í hendur bækling þar sem lýst var öllum verkefnum í borgarhlutanum sem fengu stuðning frá borgarhlutanefndinni, alls 75 talsins.

Í Skarpnäck eru þrjár grunnskólar, Södra skolenheten, Mellersta skolenheten og Norra skolenheten sem hver um sig er með um 1.000 nemendur á grunnskólastigi og í forskóla. Þeir eru starfræktir í 7 skólahúsum þar sem aðstoðarskólastjórar stýra daglegu starfi. Auk þess eru í borgarhlutanum einn sérskóli og 9 einkareknir grunnskólar, þar af 2 sem aðeins eru með forskólabekk eða 6 ára nemendur. Alls eru um 3.500 nemendur í grunnskólunum í borgarhlutanum en margir leita annað, sérstaklega í skóla inni í miðborginni.

Sérskóli

Hluti hópsins fór í heimsókn í sérskóla sem er hluti af Skarpnäcks skola. Þar er almennur grunnskóli, með nemendum í forskóla og upp í 5. bekk. Alls eru fimm byggingar á skólalóðinni og er sérskólinn í glæsilegri byggingu með hjart og rúmgott húsnæði á einni hæð og gengið út á lóð. Í sérskólanum eru nemendur í 1.- 9. bekk. Í nemendahópnum eru börn með ýmsar fatlanir, m.a. einhverf og þroskaheft en ekki þyngsti hópur fjölfatlaðra nemenda, þeir eru annars staðar. Í sérskólanum eru um 30 starfsmenn, þ.m.t. stuðningsfulltrúar.

Kompetensmessa

Hluti hópsins fór á kynningu sem haldin var í menningarmiðstöð borgarhlutans, Skarpnäcks Kulturhus. Þarna fóru fram fyrirlestrar, kynningar á þekkingu og námi í borgarhlutanum í básum og ýmsar upptökur. Allt voru þetta verkefni með þátttöku íbúa sem fengið hafa styrk frá borgarhlutaráðinu til nýsköpunar og endurnýjunar í borgarhlutanum, alls 75 verkefni sem lýst er í bæklingi sem gefinn var út í tilefni af kynningunni. Markmiðið var að safna saman á einum stað og kynna tilboð á námi, vinnu og samfélagsþjónustu fyrir fólk á aldrinum 16-60 ára í borgarhlutanum. Markhópurinn var allir sem hafa áhuga á, vinna við eða nýta sér þessa þjónustu, jafnt stjórnáráðs sem fagfólk og nemendur. Áberandi voru tilboð og kynningar á starfsstöðvum fyrir fatlaða og þá sem mest þurfa á samfélagsþjónustu að halda.

Mikill fjöldi nýbúa er í hverfinu og ákveðin verkefni í gangi sem íbúar eiga frumkvæði að og þjappa fólk af ólíkum uppruna betur saman. Nokkur sambýli og verndaðir vinnustaðir eru í borgarhlutanum. Lögð er áhersla á að byggja upp jákvæða þátttöku og samstarf íbúa og vinna fyrirbyggjandi starf. Sérstaka athygli vakti félagsfærniámskeið fyrir fjölskyldur sem lýtur að því að vinna heildstætt út frá barninu og umhverfi þess, fjölskyldu, ættingjum, skóla og vinum til að styrkja netið í kringum það. Einnig má nefna samstarfsverkefni málamiðlunarteymis, hverfislögreglu og borgarhlutaráðs sem nefnist: *Málamiðlun, fundur sem gefur möguleika*. Málamiðlun miðar að því að gerandi og brotþoli hittist með hlutlausum sáttasemjara, sem undirbýr og stjórnar fundi með þeim. Málamiðlun má nota við mörg ólík afbrot, s.s.

skemmdarverk, þjófnað og misnotkun. Málamiðlun byggir á viðurkenndu broti og vilja beggja aðila til sáttu. Þessa vinnuaðferð er verið að nota víða m.a. í Reykjavík í Grafarvogi og e.t.v. víðar.

Áhugavert væri að halda slíka sýningu eða kynningar í Reykjavík til að efla og styrkja fagfólk við að kynna það sem það er að gera vel og eins til að miðla upplýsingum milli faghópa.

3. Borgarhlutaskrifstofan í Skärholmen (Skärholmens stadsdelsförvaltning)

Anna Bella Craft, forstöðumaður fyrir forskóla, grunnskóla, barnavernd og félagsþjónustu og Monica verkefnastjóri sem m.a. hefur umsjón með málefnum barna með sérþarfir tóku á móti hópnum og fræddu um starfsemi skrifstofunnar. Íbúar í borgarhlutanum eru um 32.000.

Í Skärholmen eru fjórir grunnskólar sem reknir eru af borginni með alls um 3.800 nemendur. Hver skólastjóri ber ábyrgð á um 1.000 nemendum. Skólarnir eru starfræktir í sjö skólahúsum þar sem aðstoðarskólastjórar stýra daglegu starfi. Í borgarhlutanum eru tveir einkareknir grunnskólar. Um 83% nemenda er af erlendum uppruna og með annað móðurmál en sænsku. Að hluta til eru þessir nemendur önnur og þriðja kynslóð í landinu en 53% barna eru nýbúar. Móðurmál nemenda eru yfir 70. Af heildarupphæð þeirri sem borgarhlutinn fær, fer 65% í málefni barna og ungmenna eða um 680 milljónir sænskra króna.

Leikskólar í borgarhlutanum skiptast í fjórar rekstrareiningar sem dreifast á sjö staði og eru með alls um 70 deildir. Matur er alls staðar ókeypis. Börn á aldrinum 3-5 ára eiga kost á gjaldfrjálsri skólavist í leikskóla í 3 klst. á dag. Í borgarhlutanum er nú unnið að því að gera átak í að fjölga sérkennurum. Um 81% barna á aldrinum 1-5 ára fara í leikskóla og 95% barna eru í forskólabekkjum í grunnskóla. Um 7% af nemendum Skärholmen ganga í einkarekna skóla (fristående skoler) og alls um 20% nemenda í borgarhlutanum fara í skóla annars staðar og flestir inn í miðborg.

Um 28 stöðugildi eru á skólaskrifstofunni, rúmlega helmingur þeirra eru í skólaþjónustu og félagsþjónustu. Okkur var tjáð að mikið samstarf væri milli skóla og félagsþjónustu. Í Skärholmen er mikið lagt upp úr því að félagslegt net sé um börnin, en á undanförunum árum hefur meðalaldur lækkað í borgarhlutanum og hlutfall nýbúa hækkað mikið. Flest börn eru af þriðju kynslóð innflytjenda og því er ögrandi verkefni að sinna skóla og félagsþjónustu. Þá hefur flóttamannahópurinn stækkað.

Pólitísk stjórn borgarhlutans

Stjórnendur á borgarhlutaskrifstofunni töluðu um hversu mikilvægt væri að eiga gott samstarf við stjórnámálamennina og oft eru haldnir fundir með þeim. Stjórnámálamaður sem valist hafa til forystu sýna mikinn áhuga á málefnum borgarhlutans. Mikil áhersla er á að rækta íbúalýðræði. Einu sinni í mánuði geta íbúar hitt alla nefndina í u.þ.b. 1 klst. Það mæta alltaf margir þegar stendur til að leggja niður skóla. Og þegar verið er að skipuleggja tómskundastarf og félagsstarf mætir unga fólkið (ungdommens fritid). Nýlega hafa til dæmis tveir skólar verið lagðir niður og slíkt getur verið mikið tilfinningamál. Þegar nemendum í skóla fækkar niður fyrir 300 fer skólinn að vera erfiður í rekstri. Skólum með færri nemendur en 300 hefur verið lokað eða þeir sameinaðir öðrum.

Það vakti athygli að leikskólarnir eru stórir, þ.e. einn leikskólastjóri yfir mörgum deildum. Rökin eru þau að lögð er áhersla á uppeldisstarf og því eru ráðnir færri leikskólastjórar en aftur á móti öflugir faglegir deildarstjórar og fagstjórir er starfandi við hvern leikskóla.

Flestir grunnskólar eru með nemendur frá forskóla til 9. bekkjar en sumir eru einungis með forskóla til 6. bekkjar. Stjórnámálemenn ákveða þá skiptingu. Allir nemendur læra ensku, sænsku og stærðfræði og lögð er áhersla á að nemendur vinni eftir einstaklingsáætlun. Þá leggja allir skólar mikla áherslu á skapandi starf og handverk. Hver grunnskóli markar sér sérstöðu, s.s. íþróttir, tónlist og leiklist. Áhersla er lögð á að vinna með sterkar hliðar nýbúa til að auka möguleika þeirra í námi og starfi.

Fjármagn vegna stuðnings og sérkennslu

Verkefnastjóri á borgarhlutaskrifstofu deilir út fjármagni í sérkennslu og stuðning. Hann ræðir við skólastjórnendur um hvernig fjármagnið nýtist best og hvernig hægt sé að auka bjargir í hverjum skóla. Um 30 milljónum sænskra króna er varið til sérkennslu og stuðnings í borgarhlutanum. Um 60% fjármagnsins er deilt til skóla út frá nemendafjölda til almennrar sérkennslu og stuðnings. Þá hefur verkefnastjórinn yfir að ráða miðlægum potti sem hann deilir úr til mikið fatlaðra nemenda. Í nóvember er síðan deilt út því fjármagni sem ekki hefur þegar verið ráðstafað. Fleiri sérkennarar hafa verið ráðnir í almennu skólana eftir að fötluðum nemendum fjölgaði. Áhersla er lögð á jákvæð viðhorf til nemenda og reynt er að draga úr greiningum sem merkimiða á þá. Skrifstofan hefur skipulagt námskeið fyrir uppeldismenntað starfsfólk skólanna til að auka þekkingu þeirra á þessu sviði. Almenn er talið að námið hafi nýst mjög vel fyrir þá sem vinna með fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námsferðleika.

Sérskólinn

Í janúar 2005 voru sérskólar fluttir til borgarhlutanna. Tveir af öllum sérskólum í Svíþjóð eru í Stokkhólmi. Í Skärholmen ætla skólafyrirvöld að hafa samstarf við nærliggjandi borgarhluta um sérskóla til að þurfa ekki að senda nemendur burt um langan veg. Í borgarhlutanum hafði verið skipulögð markviss símenntun um nám og kennslu nemenda með sérþarfir.

Sérskólar starfa eftir sérstakri námskrá sem er gefin út fyrir sérskóla í öllu landinu. Fram til 2004 var rekstur sérskóla í Stokkhólmi á ábyrgð borgarinnar og stýrt frá Utbildningsförvaltningen, en frá janúar 2005 skipuleggja borgarhlutarnir sérskóla/sérdeildir og fatlaðir nemendur eru á þeirra ábyrgð eins og aðrir nemendur. Í Skärholmen eru 78 sérskólabörn. Unnið er að því með nágrannaborgarhluta að stofna sameiginlegan sérskóla. Markmiðið er að þessi nemendur fái kennslu sem næst heimili sínu. Þá eru sérdeildir í skólunum þar sem nemendur fá þjálfun við hæfi, t.d. fyrir einhverfa nemendur. Unnið er að blöndun þeirra og að starfsfólk þekki vel til þarfa þessara nemenda. Börn í sérskólum eru flokkuð á kvarðanum 1-5 eftir fötlun og eru 10 börn í borgarhlutanum í þyngsta flokki. Áherslur hafa þróast frá miklum greiningum á fötlunum og yfir í það að meta þörfina fyrir stuðning. Fjármagn kemur til borgarhlutanna vegna mikið fatlaðra nemenda. Reglulega eru haldnir fundir með félagsþjónustu, stjórnanda á borgarhlutaskrifstofu og skólastjórum þar sem rætt er um málefni einstakra nemenda til að samþætta þjónustuna í skóla og frístundum og við fjölskylduna. Félagsþjónustan getur keypt ákveðna þjónustu af skólunum. Reynt er að stuðla að meiri sveigjanleika og opinni nálgun við lausn mála.

4. Borgarhlutaskrifstofur – samantekt og samanburður við Reykjavík

Meðan yfirstjórn grunnskólana í Stokkhólmi var sameiginleg fram til ársins 1997 var einingin mjög stór og ekki hvetjandi til samvinnu. Sameiginlegir fundir skólastjóra í borginni voru því mjög formlegir og fjölmennir. Skólafólk, sem við hittum á borgarhlutaskrifstofum og í grunnskóla, lýsti almennt yfir ánægju með að hafa skólaþjónustuna í borgarhlutanum og þar með nær vettvangi. Samvinna grunnskólanna í borgarhlutanum virtist alls staðar vera í föstu skipulagi með reglulegum fundum skólastjóra með stjórnendum á skrifstofunni en einnig töluvert óformlegt samstarf og heimsóknir þannig að stjórnendur þekkja vel til annarra skóla í borgarhlutanum. Samstarf virðist vera mikið á milli skólaþjónustu og félagslegrar þjónustu við börn og fjölskyldur. Ekki eru þó mörg stöðugildi á skrifstofunni í þessum verkefnum heldur lögð áhersla á að skólarnir fái fé til sín til að veita sem fyllsta þjónustu. Skólaþjónustan er þó aðeins hluti af starfsemi borgarhlutaskrifstofu sem sinnir fjölbreyttri þjónustu við íbúa borgarhlutans. Ef borið er saman við Reykjavík þá er hver af 18 borgarhlutum í Stokkhólmi mun stærri eining en borgarhlutar í Reykjavík. Á skipuriti fyrir borgarhlutaskrifstofuna í Skärholmen kemur fram að sérstök eining innan skrifstofunnar sér um starfsmannaþjónustu, ráðgjöf við stjórnendur, gæðamál, fjármál og tölvuþjónustu fyrir allar stofnanir borgarhlutans, þar með talið skólana.

Í Reykjavík hefur skólaþjónusta verið færð frá Fræðslumiðstöð til þjónustumiðstöðva í hverfunum, en í Stokkhólmi hefur verið stigið það skref að færa þessa þjónustu inn í skólana, eða öllu heldur þá fjármuni sem í þjónustuna fara. Skólar geta þannig ráðið sálfræðinga eða aðra ráðgjafa eða keypt þjónustu eftir því sem best hentar á hverjum stað. Þjónustan er þá eins nálægt þeim sem hennar njóta og kostur er. Ef til vill er æskilegt að stíga þetta skref í Reykjavík en gæta þarf þó að því að litlir skólar hafa varla bolmagn til að standa undir kostnaði af heilum stöðum sálfræðinga eða ráðgjafa.

Eins og fram er komið er skóladagvist fyrir yngstu nemendur grunnskólans undir stjórn skólastjórans í grunnskólum Stokkhólms. Skiptar skoðanir eru í Reykjavík hver eigi að bera ábyrgð á þessari þjónustu.

Val um skóla

Í Stokkhólmi er lögð mikil áhersla á að foreldrar velji grunnskóla fyrir barnið sitt og þeim er gert það auðveldara með kynningu á grunnskólunum í bæklingi sem sendur er til allra foreldra. Grunnskólarnir eru einnig hvattir til að efla sérstöðu sína og kynna hana fyrir foreldrum. Hér hefur menntaráð lagt áherslu á val foreldra um grunnskóla með nýlegum inntökureglum fyrir skólana sem eru til að auðvelda foreldrum val á skólum. Einkareknum grunnskólum í Stokkhólmsborg hefur fjölgað á undanförunum árum og eru þeir valkostur fyrir foreldra. Margir þeirra leggja til grundvallar starfinu ákveðna uppeldisfræði eða hugmyndafræði, s.s. Montessori og Waldorfskólar en það á ekki við um þá alla. Flestir einkareknu grunnskólanna eru litlir, með 100 – 300 nemendur, og sumir aðeins með fáa árganga. Að þessu leyti er staða einkareknu skólanna svipuð og í Reykjavík nema hvað hér eru einkareknir skólar fáir, einn þeirra starfar eftir Waldorf- hugmyndafræði og tveir tengjast trúfélögum.

VI. Heimsóknir í skóla



1. *Martinskolan*

www.martinskolan.se

Martinskolan er einkarekinn grunnskóli og hefur hann starfað í 30 ár. Skólinn starfar samkvæmt Waldorf-kennslufræðinni og byggir stefna skólans á kenningum Rudolfs Steiner. Í skólanum eru um 350 nemendur, og eiga þeir einnig kost á að stunda framhaldsnám sitt í þessum sama skóla. Það nám er til þriggja ára. Við skólann starfa 94 starfsmenn í um 80 stöðugildum, þar af eru 70 kennarar. Tveggja kennara kerfi er algengt í skólanum. Stjórnun skólans er á hendi skólastjórnar og í henni sitja þrír frá skólanum og þrír frá foreldrum. Ekki er sérstök staða skólastjóra við skólann. Þó svo að tveggja kennara kerfi sé algengt í skólanum, eru dæmi þess að einn kennari kenni 28 nemenda bekk.

Byggt er á sama skipulagi (rytm) á hverjum degi alla daga vikunnar. Bekkjarkennarinn kennir allar greinar. Hvert barn hefur hlutverk í lífinu og það er skylda skólans að sjá til þess að það geti uppfyllt hlutverk sitt, segir m.a. í skólustefnu Waldorf-skólanna. Kennaraháskólinn í Stokkhólmi menntar kennara sérstaklega í Waldorf-kennslufræðum.

Laun kennara við skólann eru ekki greidd samkvæmt miðlægum kjarasamningi, heldur er sérstakt stéttarfélag í skólanum. Að sögn viðmælanda okkar vinna kennarar á lægri launum í Martinskólanum en gengur og gerist vegna bágrar fjárhagsstöðu skólans. Foreldrar nemenda greiða ekki skólagjöld fyrir börn sín. Við skólann starfa félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og lækni. Skóladagvist er í boði fyrir nemendur 1.-3. bekkjar.

Kennsla fyrir nemendur með námsörðugleika og eða sérþarfir fer fram í sérstökum bekkjum allt frá forskólabekk upp í 14. bekk. Þar er mikil áhersla lögð á verklega kennslu, listir og listmeðferð svo sem í myndlist og tónlist. Einnig er lögð áhersla á talkennslu. Í þessum bekkjum er lögð áhersla á að nemendur vinni með umhverfis- og náttúruvernd.

Skólinn bar það með sér að fjármagn er af skornum skammti. Foreldrar styðja við skólann og geta lagt fram fjármagn og sumir gera það. Ekki virðist unnt að sinna viðhaldsmálum eins og æskilegt væri. Búnaður í þeim kennslustofum sem við sáum var einfaldur, en ef til vill er þar ekki eingöngu um að kenna skorti á fjármagni, heldur kann skýringin einnig að liggja í þeirri stefnu sem Waldorf-skólar eru reknir eftir. Nemendur byrja ekki að fást við tölvur í skólastarfi fyrir en í 8. bekk, en lögð er áhersla á að allir læri að þrjúna í 1. bekk. Skólalóðin virtist fjölbreytt og rýmismikil og er hún sem vin í skóginum og auðvelt að sjá fyrir sér glaða nemendur í þessu umhverfi, þó svo að fátt væri um börn í skólanum þegar við vorum þar á ferð.

2. Norra skolenheten (Hammarbyskolan og Björkhagens skola)

www.norraskolenheten.skarpnack.stockholm.se

Skólinn varð til við samruna fjögurra skóla. Í honum eru um 1.160 nemendur. Í Hammarbyskólanum eru um 350 nemendur í forskólabekk og upp í 5. bekk, en í Björkhagens skólanum eru um 810 nemendur í forskólabekk upp í 9. bekk. Einn skólastjóri er yfir skólanum, en fjórir aðstoðarskólastjórar. Starfsmenn eru um 160.

Framlög á nemanda eru skv. upplýsingum skólastjóra:

Frístundaheimili (skolbarnsomsorg)	24.169 sænskar kr. ⁴
Forskólabekkur til 3. bekkur	38.877 sænskar kr. ⁵
4. til 6. bekkur	43.711 sænskar kr. ⁶
7. til 9. bekkur	48.648 sænskar kr. ⁷

Hammarbyskolan



Nemendur voru alls um 330 frá forskóla til 5. bekkjar og skiptust í 15 bekki. Í skólanum voru einnig hópar nýbúa frá Afganistan, Írak og Sómalíu.

Mikil samvinna er við leikskólann. Skóladagvist stendur til boða fyrir yngstu nemendur bæði áður en skóladagur hefst og einnig eftir að kennslu lýkur. Skóladagvistin opnar klukkan 6:30 að morgni og er opin til klukkan

18:30 síðdegis. Tómsundastarf er í boði eftir skóla fyrir nemendur í 3.-5. bekk.

Björkhagens skola



Nemendur voru alls 811 frá forskóla til 9. bekkjar. Í bekkjunum frá forskóla til 5. bekkjar eru 366 nemendur sem skiptast í 16 bekki en í 6. til 9. bekk eru alls 445 nemendur sem skiptast í 17 bekki. Jafnframt er hópur seinfærra nemenda, alls 16 nemendur. Skóladagvist stendur til boða frá klukkan 6:30 að morgni til klukkan 18:30 síðdegis fyrir yngstu nemendur. Tómsundastarf er í boði eftir skóla fyrir nemendur í 4. til 6. bekk. Í

Björkhagens skola er einnig mikil samvinna við leikskólann.

Starfsmenn eru 160 og lögð er áhersla á einstaklingsþjónustu og fjölskylduumhyggju.

Kennarar í 1. til 5. bekk eiga samstarf. Í skólanum er áhersla á lestur og er haldinn fundur á 4-6 vikna fresti til að meta árangurinn.

Nemendum býðst matur í hádegi án endurgjalds eins og í öðrum grunnskólum borgarinnar. Það sem einkenndi Björkhagens skolan var hve fallegur og hlýlegur hann var. Víða voru

⁴ 207.853.- ísl kr. skv. gengi 19. mars 2005.

⁵ 334.342.- ísl kr. skv. gengi 19. mars 2005.

⁶ 375.915.- ísl kr. skv. gengi 19. mars 2005.

⁷ 418.373.- ísl kr. skv. gengi 19. mars 2005.

blóm, myndir á veggjum og bækur í aðgengilegum kössum og hillum víðs vegar um skólann sem eflaust tengist áherslu skólans á lestur. Það vakti athygli að fáar tölvur voru sýnilegar. Hér sem annars staðar í sænskum skólum er mikil þverfagleg samvinna sérfræðinga svo sem kennara, leikskólakennara, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara og nokkurs konar stuðningsfulltrúa sem sjá um kennslu og gæslu í frímínútum. Skólinn fær ákveðið fjármagn frá borgarhlutaskrifstofu með sérhverjum nemanda og sérúthlutun ef um nemendur með sérþarfir er að ræða. Skólastjórinn raðar verkefnum í forgangs röð og nefndi að í vetur væri blindur nemandi í skólanum sem hefði með sér fylgdarmann allan skóladaginn.

3. Lillholmskolan

Lillholmskólinn er fjölmenningskóli. Húsnæði skólans samanstendur af nokkrum sjálfstæðum byggingum. Fjöldi nemenda í skólanum í forskóla til 9. bekkjar er um 650. Nemendur geta verið áfram í skólanum tíunda árið ef markmiðum hefur ekki verið náð. Skólinn er opinn frá kl. 6:30 -19:00. Foreldrar geta samið um gæslu fyrir börn sín á morgnana allt frá kl. 6:30 og eftir kl. 17:00 til kl. 19:00, ef þörf krefur.

Um 60-70 börn eru í hverjum vinnuhópi og Lisbeth kennari kynnti samstarf kennara í kringum vinnuhópana og hún segir að starfið hafi aldrei verið eins skemmtilegt og núna en hún hefur verið kennari frá árinu 1967. Að vinna með mörgum kennurum gefur starfinu miklu meira gildi.

Unnið er með foreldrum að gerð einstaklingsáætlana fyrir 6-8 vikna tímabil sem síðan er unnið eftir í samvinnu við nemendur, foreldra og kennara. Einstaklingsáætlanir eru sífellt í endurskoðun og bætt við efnið eða það minnkað allt eftir því sem við á. Farið er með eldri nemendur í fjölbreyttar vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir sem hefur leitt af sér t.d. nám í ljósmyndun og framsögn. Í lok skólagöngunnar er lögð áhersla á að nemendur hafi öðlast góðan grunn til að takast á við lífið í samfélaginu.

Um 80-90% nemenda eiga annað móðurmál en sænsku og eru um 30 mismunandi móðurmál kennd í skólanum. Arabíska er móðurmál flestra. Lögð er áhersla á kennslu í móðurmáli svo þeim gangi betur að læra sænsku. Fimm nemendum með sama móðurmál er kennt saman eina klukkustund á viku á móðurmálinu. Kennarar skólans hafa þróað aðferðir við kennslu nýbúa, þannig að aðrir skólar í Svíþjóð hafa komið til að læra af þeim.

Fyrir utan skólastjóra og aðstoðarskólastjóra starfar stjórnandi þróunarstarfs við skólann (utveklingsledare). Starfsmenn skólans eru alls um 120. Þar af eru 100 menntaðir í uppeldisfræðum, kennarar, sérkennarar og uppeldisfræðingar. Margir sérfræðingar starfa við skólann, s.s. læknir, skólahjúkrunarfræðingar og sérkennarar. Stöðugt er reynt að finna góða aðferð eða leið til að þróa tungumál nemenda. Mikil rækt er lögð við mannauðs- og kærleiksstefnu og hefur skólinn fengið viðurkenningu fyrir þátttöku í mannauðsstefnu.

Haldnir eru starfsmannafundir fyrir alla starfsmenn skólans þar sem m.a. er fjallað um skólareglur og hegðunarviðmið í skólanum.

Þá leggur Lillholmskólinn mikla áhersla á lestrarkennslu. Vinnur skólinn að þróunarverkefni í lestri, sem nefnist „vitra uglan“ (kloka uglan). Þróunarverkefninu er ætlað að auka málþroska nemenda með því m.a. að vekja áhuga nemenda á lestri og skipuleggja lesturinn með tilliti til getu hvers og eins. Lestrarbækur eru flokkaðar með tilliti til mismundandi þyngdarstigs. Áður en hið eiginlega lestrarnám hefst er lögð áhersla á málörvun, viðhorf til lesturs, áhuga og

hvatningu. Áhersla er lögð á að kenna lestur með því að ræða um efni bókar. Þá er einnig lögð mikil áhersla á að kenna lestur og lesskilning í gegnum bókmenntir hinna ýmsu þjóða, en þar sem nemendur eru frá mjög ólíkum menningarheimum þarf að halda mjög vel utan um bæði nám nemenda og skipuleggja kennsluna vel. Til að takast á við tungumálaörðugleika nemenda starfa saman einn kennari, einn sérkennari og einn uppeldisfræðingur með hverja átta nemendur og bera þeir sameiginlega ábyrgð á nemendum.

Lestur er metinn með ákveðnu matsformi fyrir lestur (LUS- læsningsutvefningsskema). Safnað upplýsingum frá kennurum um stöðu nemenda þrisvar á ári, þ.e. í september, janúar og maí. Miklar framfarir eru merkjanlegar í stöðu skólans í lestri sem sýnir sig í því að nemendur skólans ná góðum árangri miðað við aðra skóla í Stokkhólmi.⁸

4. Ärvingeskolan

www.arvingeskolan.stockholm.se

Jan Eidman, skólastjóri tók á móti hópnum ásamt aðstoðarskólastjóra. Í skólanum eru um 300 nemendur í 7.- 9. bekk. Um 60% nemenda eru af erlendum uppruna. Á næsta ári bætist við 6. bekkur og verða nemendur skólans þá væntanlega um 380. Skólinn er snyrtilegur og aðlaðandi. Lögð er áhersla á góðar námsaðstæður og vinnufrið og ákveðið ferli fer í gang ef órói skapast í bekkjardeild. Unnið er markvisst með fjölskyldunni og nemandi vinnur í litlum hópi meðan tekist er á við vandann.

Skólarnir í borgarhlutanum hafa með sér samstarf og einu sinni í mánuði eru fundir skólastjóra leik- og grunnskóla með yfirmönnum á borgarhlutaskrifstofu. Þeir hafa einnig samstarf um útgáfu dagatals með myndum og upplýsingum frá skólunum. Skólarnir auglýsa sig og sínar áherslur og reyna að fjölga nemendum og draga þá til sín. Í Ärvingeskólanum er samstarf við íþróttafélög um sérstakar áherslur (profilklasser) í t.d. fótbolta og körfubolta. Áhersla er einnig lögð á stærðfræði og náttúrufræði auk tungumálakennslu, frönsku, spænsku og þýsku. Kennarar vinna saman í teyllum í hverjum árgangi, 9-10 kennarar í hverju teymi. Teymið deilir vinnuástöðu og skipuleggur saman áætlanir fyrir hópinn. Skólastjóri hrósaði starfsfólki mikið.

Í Ärvingeskólan eru 9 nemendur í sérdeild, þeir eru alveg sér í öllum bóklegum tímum en blönduðust hópnum í matmálstímum, í frímínútum og í verklegum tímum. Sérstök námskrá er fyrir sérskólanemendur.

5. Akallaskolan

www.akallaskolan.stockholm.se

Elisabeth F. Uvemo, skólastjóri tók á móti hópnum. Akallaskolan er unglingskóli með um 250 nemendur í 7.-9. bekk. Starfsmenn eru um 50. Á næsta ári verða einnig nemendur í 6. bekk



⁸ Þess má geta að matskerfið „LUS- læsningsutvefningsskema“, sem Lillholmskólinn styðst við hefur verið þýtt og staðfært hér og verið kynnt í Kennaraháskóla Íslands frá árinu 1980.

og fjölgar þá væntanlega í skólanum upp í um 350 nemendur.

Í Akallaskólanum er lögð sérstök áhersla á móðurmáls- og tungumálakennslu, stærðfræði menningu og heilsu í samræmi við stefnu borgarinnar í skólamáli frá 2004. Þannig geta nemendur valið sérstaklega íþróttalínu eða tónlistarlínu. Þegar íþróttalínan var auglýst komust færri að en sóttu.

Mikið samstarf er milli skólans og þeirra sem sjá um tómstundastarf fyrir unglingana en frístundamiðstöðin (ungdomsgården) er í sömu byggingu og skólinn. Við skólann er sérdeild sem tekur við seinfærum nemendum úr allri borginni.

Skólahúsið var byggt 1976 og kominn tími á viðhald sem hefst á næsta ári og þá á að endurnýja allt innan húss. Skólinn er snyrtilegur og gott andrúmsloft. Hver bekkur hefur sína heimastofu og kennarar fara á milli stofa. Kennarar hvers árgangs vinna saman í teyllum. Námskrá skólans er einfalt plagg sem er í notkun hjá kennurum. Áhersla er lögð á að húsnaðið sé aðlaðandi. Nemendur fengu smáaur til umráða til að gera stofurnar vistlegar, síðan var keppni um bestu stofuna og matsnefnd kennara og nemenda fylgdist með. Verðlaunin voru smápeningur í viðbót.

Flestir nemendur eru fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda, þeir og foreldrar þeirra leggja mikla áherslu á að læra góða sænsku til ná árangri og komast áfram í þjóðfélaginu. Kennsla í móðurmáli nemenda fer fram utan við skólatímamann, ekki er lögð sérstök áhersla á móðurmálið í skólanum. Nemendaverndarráð, en í því sitja skólahjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi (kurator), náms- og starfsráðgjafi (studie- og yrkesvægledare), skólastjóri og deildarstjórar, fundar vikulega, hver þessara aðila hefur tengingu við ákveðinn árgang.

Akallaskólinn var í mati (inspektion) sl. haust og fékk góða umsögn og góðar ábendingar um það sem betur má gera. Skýrsla matshópsins er opinber og liggur á heimasíðu skólans.

Skólastjórinn var mjög ánægð með þá fjármuni sem hann fær til að reka skólann sem er ákveðin upphæð á hvern nemanda. Laun skólastjóra og leiga fyrir húsnaði er þar fyrir utan. Fasteignafyrirtækið (Bolag) sem á og rekur húsnaði skólann kostar þær breytingar sem gera þarf en eftir endurnýjun hækkar leigan. Stokkhólmur setur mikla peninga í skólana, segir hún og notar viðbótarfjármagn sem hún fær til að hafa minni hópa.



VII. Samantekt

Í þessum kafla verða teknar saman upplýsingar sem við fengum í ferðinni og svör við þeim spurningum sem lagt var upp með. Byggt er á því sem komið hefur fram í skýrslunni og dregið saman í stutt svör.

Hver eru tengsl Borgarhlutaskrifstofu (Stadsdelsförvaltningen) og grunnskólanna?

Á hverri borgarhlutaskrifstofu eru yfirmenn skólastjóra leik- og grunnskóla (barn- og ungdomschef) sem funda reglulega með skólastjórum almennra grunnskóla í borgarhlutanum um fagleg og rekstrarleg málefni. Á borgarhlutaskrifstofu er útteilt fé til skóla, ákveðinni upphæð á nemanda (grundschablon). Upphæðin er mismunandi eftir aldri nemenda, hæst fyrir unglíngastigið. Aðeins laun skólastjóra og leiga fyrir skólahúsnæði er greidd miðlægt á skrifstofunni. Fé til sérkennslu er einnig úthlutað til skólanna frá borgarhlutaskrifstofu, að hluta til jafnaðargreiðsla miðað við nemendafjölda og að hluta til á fatlaða einstaklinga sérstaklega. Borgarhlutaskrifstofur veita skólunum einnig þjónustu hvað varðar launagreiðslur, bókhald o.fl. Á skipuriti fyrir borgarhlutaskrifstofuna í Skärholmen kemur fram að sérstök eining sér um starfsmannþjónustu, ráðgjöf við stjórnendur, gæðamál, fjármál og tölvuþjónustu fyrir allar stofnanir borgarhlutans, þar með talið skólana.

Hvernig er sérfræðiþjónustu við skóla háttáð?

Á borgarhlutaskrifstofu eru fáir starfsmenn sem þjónusta skólana beint, en lögð áhersla á að skólarnir fái til sín fé sem gerir þeim kleift að ráða sálfræðinga og aðra ráðgjafa eða kaupa þessa þjónustu.

Eru kjarasamningar kennara gerðir miðlægt eða í hverju sveitarfélagi?

Samið er á landsvísu um hækkun á launum kennara, en skólastjóri hvers grunnskóla gerir tillögu um hvernig launaupphæð skólans deilist á kennarana og fundar með trúnaðarmanni til að ná samkomulagi. Við nýráðningu semur skólastjóri beint við kennarann.

Að hve miklu leyti ráða einstakir skólar yfir vinnutíma kennara?

Kennarar hafa 35 klst. vinnuskyldu í skólanum en síðan eiga þeir að skila 10 klst. að auki eða alls 45 klst. 194 daga skólaársins. Inni í 35 klst. er kennsla, frímínútnagæsla, ábyrgð á ákveðnum verkefnum, greinafundir og árgangafundir (arbetslagskonferenser). Kennsla er að meðaltali 16 klst. af þessum 35 klst. eða sem svarar 24 kennslustundum, ef kennslustund er 40 mínútur. Kennarar vinna saman í teyllum, oftast með einn árgang sem grunneiningu.

Einstaklingsmiðað nám. Hvernig er samvinna nemenda háttáð og ábyrgð á eigin námi.

Í stefnumótun borgarinnar er einn af þremur megináhersluþáttum ábyrgð nemenda á öllum aldri á námi sínu og lýðræði í skipulagi og stjórnun skólastarfsins. Í þeim skólum sem við heimsóttum var rammi skólastarfsins fremur hefðbundinn, en alls staðar var lögð áhersla á að nemendur ynnu eftir eigin námsáætlun. Í Lillholmsskolan er unnið með foreldrum að gerð einstaklingsáætlana fyrir 6-8 vikna tímabil sem síðan er unnið eftir í samvinnu við nemendur, foreldra og kennara. Einstaklingsáætlanir eru sífellt í endurskoðun og bætt við efnið eða það minnkað allt eftir því sem við á. Nemendur geta einnig valið sér áherslur í námi, s.s. íþróttir, tónlist eða tungumál allt eftir sérstöðu skólans.

Skóli án aðgreiningar. Hvernig er úthlutun vegna fatlaðra nemenda háttáð, eru sérdeildir í skólum, almennar eða sérhæfðar? eru sérskólar, fyrir hverja þá?

Af sérskólum í Svíþjóð eru tveir staðsettir í Stokkhólmi. Fram til 2004 var rekstur sérskóla í Stokkhólmi á ábyrgð borgarinnar og stýrt frá Utbildningsförvaltningen, en frá janúar 2005 skipuleggja borgarhlutarnir sérskóla og fatlaðir nemendur eru á þeirra ábyrgð eins og aðrir nemendur. Sérdeildir eru í sumum grunnskólunum og eru þær sérhæfðar, t.d. fyrir einhverfa nemendur. Stefnt er að því að fatlaðir nemendur þurfi ekki að fara um langan veg til að sækja skóla. Unnið er að blöndun nemenda sérdeilda í almennum grunnskólum og að starfsfólk þekki vel til þarfa þessara nemenda. Í einum borgarhlutanum hafði verið skipulögð markviss símenntun fyrir starfsfólk skóla um nám og kennslu nemenda með sérþarfir.

Borgarhlutaskrifstofur útdeilir fjármagni til sérkennslu og stuðnings til skóla að hluta eftir nemendafjölda og að hluta til fatlaðra einstaklinga. Áherslur hafa þróast frá miklum greiningum á fötlunum og yfir í það að meta sameiginlega þörfina fyrir stuðning í hverju tilviki.

Einkareknir skólar, hvernig er útteilt fjármunum til þeirra eru tekin skólagjöld til viðbótar opinberu framlagi?

Sama fjármagn er á hvern nemanda í öllum skólum (grundschablon), jafnt einkareknum skólum sem almennum, þó dregst frá framlagi til einkarekins skóla umsýslugjald þannig að þeir fá 85-90% af því sem hinir fá. Ekki eru tekin skólagjöld í einkareknum skólum.



Heimildir:

<http://www.stockholm.se>

<http://www.skolverket.se/sb/d/1328>

Stockholm stad (2003). *Boken om Stockholm – från oss som arbetar för dig*. Stokkhólmur: Information Stadshuset, Stadsledningskontoret.

Stockholm stad (2004). *En skola för nutidens och framtidens elever. Skolplan för Stockholms stad*. Stokkhólmur: Utbildningsförvaltningen, Förvaltningsavdelingen, information.

Stockholm stad, Enheten för inspektion och tillsyn, *Förberedelsefrågor inför skolinspektion* [spurningalisti um kennsluhætti o.fl.]. Utbildningsförvaltningen (án ártals).

Stockholm stad (2004). *Kista kommunala skolor. Läsårsalmanacka*. Stokkhólmur: Kista stadsdelsnämnd.

Stockholm stad (án ártals). *Skola – förskola - fritid*. Stokkhólmur: Kista stadsdelsnämnd.

Stockholm stad (2005). *Stadsdelsförnyelsen i Skarpnäck*. Stokkhólmur: Skarpnäcks stadsdelsnämnd.

Stockholm stad (2004). *Vad betyder Stokkholm för dig?* Stokkhólmur: Information Stadshuset. Stadsledningskontoret.

Stockholm stad (2004). *Områdesfakta 2004. Östermalm*. Stokkhólmur: USK Utrednings- och statistikkontoret.

Utbildningsförvaltningen (November 2004). *Dags att välja skola. Valet till förskoleklassen/grundskolan 2005/2006*. Stokkhólmur: Utbildningsförvaltningen, information.

Östermalms stadsdelsnämnd (2004). *Östermals stadsdelsnämnd, 2004*. Stokkhólmur: Östermalms stadsdelsnämnd & förvaltning.